Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2. tbl. 7. árg. 2010

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir
3 Pistill formanns
3 15 ára afmælisveisla!
4 Reykjavíkurmaraþon og Rafliðar
5 Vel hepnuð hlutavelta
5 List fyrir Neistann
5 Skemmtileg heimsókn
6 Barisit fyrir Neistann
7 Bjargvætturinn del Nido
8 Tannhirða hjartveikra barna
10 Norðurlandafundur 2010
12 Óþrjótandi verkefni
14 Gaman í Danmörku
16 Ársfundur ECHDO
18 Góðgerðarbardaginn mikli
20 Góðgerðardagur í Smáralind
22 Sumarhátíð Neistans 2010

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinn@internet.is.
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Forsíðumynd: Árni Rúnarsson.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Jólaball Neistans

Okkar árlega jólaball verður að þessu sinni haldið laugardaginn 11. desember í safnaðarheimili Grensáskirkju og hefst stundvíslega klukkan 13.00. Syngjum og dönsum kringum jólatréð með Sveinka.

Jólakort Neistans

Neistinn hefur gefið út ný jólakort sem hönnuð voru af Nick Abbott, og gaf hann alla vinnu sína við kortin. Þau eru seld 10 saman í pakka sem kostar aðeins 1000 krónur. Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6. Einnig má hringja í síma 552-5744 eða senda okkur tölvupóst á neistinn@neistinn.is.

Dagatal Neistans 2011

Út er komið Dagatal Neistans fyrir árið 2011. Þetta er annað árið í röð sem við gefum út dagatal og aldrei að vita nema svo verði framvegis. Myndirnar tók Árni Rúnarsson og gaf hann alla vinnu sína við það. Dagatalið kostar 1500 krónur og hægt að nálgast það á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6. Einnig má hringja í síma 552-5744 eða senda okkur tölvupóst á neistinn@neistinn.is.

Pistill formanns

Stöndum saman!

Nú sem aldrei fyrr þurfum við að standa vörð og berjast saman, en spítalar hafa lýst yfir áhyggjum vegna skorts á læknum og hjúkrunarfólki. Undir þetta taka einnig formaður læknafélagsins sem og flest góðgerðar- og líknarfélög á Íslandi eins og kom fram í yfirskrift málþings Umhyggju þann 25. október síðastliðinn: „Hver á þá að lækna mig´´(2012). Allir þessir aðilar hafa lýst yfir áhyggjum af flótta lækna úr landi og því að nýútskrifaðir sérfræðilæknar ráði sig erlendis í stað þess að snúa heim. Síðustu tvö ár hafa um 100 læknað horfið úr læknastéttinni okkar, eða um 10%, og fer ástandið ekki skánandi. Svo nú þurfa allir að starfa saman og ætla má að ráðamenn séu farnir að átta sig á alvarleika málsins, enda hefur fjöldi bréfa frá flestum líknarfélögum á Íslandi verið sendur Alþingi og heilbrigðisráðuneytinu og ef ekki fer að bóla á viðbrögðum þaðan þarf að fara í ýtarlegri aðgerðir.

En að allt öðru. Árið 2010 hefur verið viðburðarríkt hjá Neistanum, enda urðum við 15 ára þann 9. maí og héldum þessa fínu grillveislu við Barnaspítala Hringsins. Þangað mættu yfir 100 manns og gæddu sér á dýrindis pylsum og gosi, söngkonan Jóhanna Guðrún heilsaði upp á okkur ásamt Engilráði og stjórnaði meðal annars afmælissöngnum. Einnig fengum við óvænta heimsókn frá Arsenal-klúbbnum á íslandi sem gaf okkur innrammaða treyju áritaða af öllum leikmönnum úrvalsdeildarliðs Arsenal og færum við þeim klúbbfélögum hjartans þakkir fyrir.

Neistinn færði einnig í tilefni afmælisins styrktarsjóði Neistans 15 milljónir að gjöf, eða eina milljón fyrir hvert starfsár. Það kom sér heldur betur vel fyrir styrktarsjóðinn okkar, sem fór ekki varhluta af hruninu.

Á árinu héldum við einnig okkar árlegu sumarhátíð, fórum með 10 unglinga í norrænu sumarbúðirnar, héldum alþjóðlega hjartadaginn hátíðlegan með Hjartaheill, Hjartavernd og Heilaheill, fórum á Evrópuþing og héldum Norðurlandaþing.

Kæru félagsmenn, vinir og velunnarar. Hjartans þakkir fyrir síðustu 15 ár. Það eruð þið sem hafið gert okkur kleift að starfa og dafna, en nú þurfum við að standa enn betur saman og berjast fyrir bættum hag okkar allra í heilbrigðiskerfinu sem og annars staðar.

Hjartans kveðjur
Guðrún Bergmann Franzdóttir

15 ára afmælisveisla!

Reykjavíkurmaraþon og Rafliðar

Neistinn á sér marga dygga velunnara sem leggja mikið á sig til að afla fjár til stuðnings fjölskyldna barna með meðfæddan hjartagalla. Þetta kemur ekki síst fram í árlegu Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Í ár voru skráðir hlauparar fyrir Neistann hátt í fimmtíu talsins og náðu að safna um 700 þúsund krónum.

Álverið í Straumsvík hefur hvatt starfsfólk sitt til að mynda hlaupahópa í Reykjavíkurmaraþoninu og velja sér góðgerðarfélag sem það styrkir síðan um 100 þúsund krónur. Einn hópurinn kallar sig Rafliðana og hljóp nú annað árið í röð fyrir Neistann, en á meðfylgjandi mynd má sjá þá afhenda Guðrúnu Bergmann afraksturinn. Þökkum við þeim og álverinu hjartanlega fyrir þennan stuðning og það gleður okkur að vita að mikil stemmning hefur myndast um þetta framtak innan fyrirtækisins, sem hvatt hefur fólk til aukinnar hreyfingar og líkamsþjálfunar - enda þarf gott form til að komast í mark í maraþonhlaupi.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309 .

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

LYFJAVER
MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
OKKAR BAKARÍ
lönbúð | 210 Garðabæ | sími: 565 8070

Velheppnuð hlutavelta

Þessir frábæru krakkar héldu hlutaveltu til styrktar hjartveikum börnum. Þau eru, frá vinstri: Viktor Elí Sturluson, Aron Kári Ágústsson, Elísabet Torp og Anna Thelma Stefánsdóttir, en á myndina vantar Óðinn Inga Þórarinsson. Við sendum þeim hjartans þakkir fyrir glæsilegt framtak.

List fyrir Neistann

Nýsjálenski listamaðurinn Shannon Novak styrkir góðgerðarfélög víðs vegar um heiminn með ágóða af verkum sínum, eitt félag í hverju landi. Á Íslandi átti hann samstarf við Gallerí Fold og mætti Jóhann Ágúst Hansen fulltrúi gallerísins með ágóða af sölu tveggja listaverka á skrifstofuna í Síðumúlanum og afhenti þakklátum formanni Neistans.

Skemmtileg heimsókn



Aðalfundur Hjartaheilla á Vestfjörðum var haldinn þann 5. september síðastliðinn. Á fundinn mættu góðir gestir að sunnan, en það voru stjórnarmenn úr Neistanum. Guðrún Bergmann sat með okkur aðalfund og eftir hann var kaffi og meðlæti. Síðan héldu félögin sameiginlegan fræðslufund fyrir félagsmenn sína. Fyrirlesari var Salome Elín Ingólfsdóttir næringarfræðingur, sem er búsett á Ísafirði, og fór hún yfir mikilvægi góðrar næringar og hvernig eigi að lesa utan á umbúðir matvöru.

Þokkaleg mæting var á fundina, en alltaf mættu fleiri láta sjá sig.

Með kveðju,
Jónína Eyja.

Morgunbladid

KFC
www.kfc.is

NA NORÐURÁL Century ALUMINUM

Barist fyrir Neistann

Helgina 14. – 18. október síðastlinn hélt Taekwondo-deild ÍR upp á 20 ára afmæli sitt með veglegri hátíð. Meðal atriða var góðgerðarmaraþon sem fram fór aðfararnótt laugardagsins. Þarna var barist fyrir hjartveik börn í bókstaflegum skilningi og var allur ágóðinn, hátt í 200 þúsund krónur, látinn renna til Neistans.

Hjartans þakkir ÍR-ingar!

LYFJA
- Lifið heil

KOLA PORTIÐ

Kaffi Klettur

Bjargvætturinn del Nido

Barnahjartaskurðlæknirinn dr. Pedro del Nido hefur bjargað lífi margra íslenskra barna. Hann þykir sá allra besti í sínu fagi í heiminum og hefur vinátta hans og Gunnlaugs Sigfússonar hjartalæknis orðið til þess að Íslendingar hafa haft greiðan aðgang að hans hæfu höndum.

Á haustdögum sótti dr. Del Nido ráðstefnu á Íslandi og nýttu nokkrir meðlimir Neistans tækifærið og fengu hann til að hitta nokkur þeirra barna sem hann hefur bjargað á síðustu árum. Var setið og spjallað í um klukkutíma og náðu foreldrarnir að koma á framfæri þakklæti sínu á meðan börnin léku sér grunlaus um nærveru bjargvætts þeirra.

Að lokum var Del Nido svo leystur út með gjöfum; Sjálfstæðu fólki eftir nóbelsskáldið Halldór Laxness, ásamt ljósmyndabók og dagatali Neistans.

Fríða Björk Arnardóttir

Pedro del Nido, María Dís, Fríða Björk og Gunnlaugur Sigfússon.

Hallgrímur Skúli Hafsteinsson, varaformaður Neistans, og Del Nido.

Pedro del Nido, Eiður Ingi og Sigrún Drífa.

Jón Arilus
KÖKULIST
Firðinum Hafnarfirði • S 5556655 og 6625552
Email: kokulist@internet.is • facebook.com/kokulist

Tannhirða hjartveikra barna

Helgi Hansson
barnatannlæknir

Margar ástæður eru fyrir því að hugsa ætti sérstaklega vel um tann- og munnhirðu hjartveikra barna.

Í fyrsta lagi til þess að minnka hættu á hjartaþelsbólgu hjá þeim sem eru í þeim áhættuhópi. Líklega eru bakteríur úr munnholi einna algengustu tegundirnar sem finnast í blóði þeirra sem fá hjartaþelsbólgu enda munnholinu eðlilegt að hafa sína bakteríuflóru [1]. Því ætti að gæta þess með tann- og munnhirðu að halda bakteríufjölda og bólgum þeim tengdum í lágmarki.

Í öðru lagi ætti að reyna að forðast tannaðgerðir hjá hjartabörnum eins og mögulegt er því aðstæður við slíkar aðgerðir geta verið stressandi og valdið óþarfa álagi á hjarta- og blóðrás.

Í þriðja lagi ber að forðast eins og hægt er að svæfa þurfi hjartveik börn vegan tannaðgerða.

Og í fjórða lagi er hætta á langvinnum blæðingu hjá börnum sem eru á segavarnandi (anticoagulantia) lyfjum.

En hvernig er svo reyndin?

Tannáta

Algengustu tann- og munnsjúkdómar sem herja á mannkynið eru ennþá tannáta (caries) og bólgur/ígerðir í tannholdi og tannfestu. Báða sjúkdómana er auðvelt að fyrirbyggja. Þar að auki gætu foreldrar hjartveikra barna einnig þurft að kljást við tannslit og glerungsgalla oftar en „frísk börn“ eins og ég mun koma að seinna í greininni.

Fyrst að tannátunni. Það sýnir sig við rannsóknir að tannheilsa hjartveikra barna mæld í skemmdum og viðgerðum tönnum er slakari en annarra barna [2, 3], þveröfugt við það sem hún ætti að vera. Sérstaklega er þetta sláandi fyrir yngstu kynslóðina. Hvað kemur til?

Nú vitum við í dag að tannáta er fyrst og síðast lífsstílssjúkdómur. Við höfum fyrir löngu kvatt söguna um „lélegu tennurnar í þessari fjölskyldu“ því hinir líffræðilegu þættir sem ákvarða áhættu á tannátu (glerungurinn, munnvatn og bakteríuflóra) mælast svipaðir hjá öllum þorra fólks. Þó getur verið munur á bakteríflóru barna því barnið virðist „erfa“ flóru þess sem hefur mest með barnið að gera milli eins og þriggja ára. Það gæti verið móðir, faðir, amma, afi eða barnfóstra. Ef sá einstaklingur er með tannátu í munninum, fær barnið „munnnátuflóru“ með eðlilegu flórunni sem ekki er besta vöggugjöfin varðandi tannskemmdir.

Aðalatriðið er hins vegar að lang stærsti munurinn á þeim sem fá tannskemmdir og hinum, virðist liggja í munnhirðu (burstun, flúor og tannþráðarnokun) og mataræði. Þar liggja gjarnan lyklarnir að bættri tann- og munnheilsu. Gamli góði tannburstinn. Tannþráður á milli jaxla frá 3-4 ára aldri. Flúor oft í litlu magni og takmarka sætindi á milli mála. Í þeim efnum verður að minna á að það er fleira sætindi en nammi. Sérstaklega er okkur tannlæknum illa við klístrug sætindi eða sætindi blönduð við sterkju þannig að grauturinn sitji lengi í tönnunum. Hlutir eins og sæt morgunkorn, ABT með súkkulaðikúlum, sætt álegg á brauð og sætt kex eru eitur í okkar beinum (og tönnum).

Að einu leyti er þó einn hópur barna með hjartagalla í sérstakri áhættu varðandi tannskemmdir. Það er sá hópur sem tekur lyf sem veldur minnkandi munnvatnsflæði [4]. Minnkað munnvatnsflæði er einn algengasti áhættuvaldurinn varðandi tannskemmdir.

Tannholdssjúkdómar

Tannholdssjúkdómar byrja sem sakleysislega bólguviðbrögð við tannsýkluskán í tannholdsbrún en geta á löngum tíma þróast yfir í bólgur og ígerðir í tannvef (tannfestu) með losnun tanna og tanntapi á eldri árum . Þar spila erfðir og reykingar einnig stóran þátt til viðbótar við tannhirðuna.

Sýnt hefur verið fram á tengsl tannholdssjúkdóma og ýmissa annara sjúkdóma svo sem hjartasjúkdóma [5], fyrirburafæðinga, sykursýki, sjúkdóma í öndunarfærum og beinþynningu [6]. Ekki hefur verið sýnt fram á orsakasamhengið en líkum verið leitt að því að bólguvakar vegna tannholdssýkinga geti átt þátt í að ræsa þessi vandamál [7].

Mörgu er ósvarað í þessum efnum en eitt er víst að því sem næst ómögulegt er að snúa við tannfestutapi vegna sýkinga í tannvegi. Einungis er hægt að fyrirbyggja og stöðva slíkt ferli, enda er það sjaldnast erfitt. Bestu verkfærin eru enn og aftur tannbursti og tannþráður.

Sumt getur lækkað þann þröskuld sem þarf til að fá tannholdsbólgur. Reykingar eru þegar nefndar. Hormónabreytinar á meðgöngu og á kynþroskaskeiði auka oft á bólguviðbrögð í tannholdi. Ólíklegt er þó að þessi tímabundna tannholdsbólga leiði til ígerðar í tannfestu.

Tannholdsbólga er einnig áberandi ef holdið er þurrt tímum saman vegna til dæmis munnöndunar. Það er vel þekkt hjá börnum með krónískt stíflað nef. Síðan geta almennir sjúkdómar eins og hvítblæði, alvarleg sykursýki og minnkað blóðflæði í tannholdi vegna hjartasjúkdóms, leitt til aukinnar tíðni tannholdsbólgu.

Tannslit

Tannslit er vandamál sem veldur okkur tannlæknum sífellt meiri áhyggjum. Það kemur þannig til að vegna óhóflegrar neyslu á súrum drykkjum (gos og safar), geta tennur barna og unglinga eyðst langt umfram það sem eðlilegt er og getur það leitt til mikillar eyðingar á fullorðinstönnum unglinga.

Enn og aftur er þetta spurning um mataræði og lífsstíl en

actavis
hagur í heilsu

BT

TENGI
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur
Sími: 414 1000 • Fax: 414 1001 • tengi.is

eins og með tannfestu sem tapast er ekki hægt að fá eyddan glerung tilbaka. Eina lausnin innifelur oft dýrar og óafturkræfar viðgerðir með postulíni langt um aldur fram. Þó ber að taka fram að margir þjást af tannsliti án þess að súrir drykkir komi þar nokkuð við sögu. Í þeim hópi eru tanngnístrarar og þeir sem þjást af bakflæði magasýru. Hins vegar er fyrsti hópurinn langstærstur og oft vandmeðfarnastur því erfitt er að breyta lífsstíl.

Helgi Hansson barnatannlæknir

Glerungsgallar

Glerungsgallar eru vandamál sem foreldrar hjartveikra barna gætu séð oftar en aðrir foreldrar. Sérstaklega algengasta gerð glerungsgalla, svokallaða vankölkun fyrstu fullorðinstanna (VFF).

Fyrstu fullorðinstennur eru framtennurnar og sexárajaxlarnir. Glerungsmyndun þessara tanna byrjar við fæðingu og er meira og minna í gangi fyrstu þrjú æviárin. Það hefur sýnt sig að lítið þarf til þess að trufla glerungsmyndunina á þessu ævistigi og bitnar það því helst á þessum tannhópum.

Algengustu ástæðurnar teljast í dag vera endurtekin veikindi eins og til dæmis hitavellur fyrstu tvö æviárin. Einnig geti mengun af völdum þrávirkra efna svo sem dioxína haft áhrif, sem og vandamál tengd meðgöngu og fæðingu. Í þessu tilfelli væru börn með meðfædda hjartagalla sérstaklega áhugaverður rannsóknahópur. Mörg þeirra eiga við endurtekin veikindi að stríða fyrstu æviárin en önnur ekki.

Höfundur þessarar greinar hefur áhuga á í þessu samhengi að skoða börn með meðfædda hjartagalla sem hóp á næsta ári. Því vil ég biðja ykkur að taka vel í fyrirspurn um stutta skoðun á stofu minni ef til kemur. Greining glerungsgallans tekur einungis nokkrar mínútur en einnig yrðuð þið beðin um að svara nokkrum spurningum um eðli gallans og veikindi fyrstu æviárin.

Hætta á hjartaþelsbólgu

Við tannmeðhöndlun eru sumir með hjartagalla og ígræddar hjartalokur í meiri hættu á að fá hjartaþelsbólgu vegna baktería úr munnholi.

Almennt eru foreldrar barna með hjartagalla vel upplýstir um þessa hættu [3] en allur er varinn góður og því gott að minna tannlækninn reglulega á heilsufarssöguna því hættan er alltaf til staðar við aðgerðir sem leið til blæðingar úr tannholdi.

Á móti kemur að munnholsbakteríur finnast í blóði, jafnvel við venjulega tannburstun. Leiða má líkum að því að hætta á því sé margföld hjá þeim sem hafa ríkulega með tannsýklu og þar af leiðandi tannholdsbólgur.

Ef sjúklingur er í áhættuhópi varðandi hjartaþelsbólgu eru gjarnan gefin sýklalyf fyrir tannaðgerðir. Á síðustu árum hafa fræðingar þó orðið meir og meir íhaldssamir við þessa fyrirbyggjandi sýklagjöf. Í leiðbeiningum American Heart Association (AHA) frá 2008 [8] segir í fyrsta lagi, að líklega einungis í mjög fáum tilfellum hindri sýklalyf í forvarnarskyni hjartaþelsbólgu við tannaðgerðir. Og í öðru lagi að sýklalyfjagjöf vegna tannaðgerða ætti að vera frátekin fyrir þá sem eru í mestri áhættu varðandi alvarlegar aukaverkanir af hjartaþelsbólgu.

Heimildir:

1. Nakano, K., et al., *Detection of oral bacteria in cardiovascular specimens.* Oral Microbiol Immunol, 2009. **24**(1): p. 64-8.
2. Busuttil Naudi, A., et al., *The dental health and preventative habits of cardiac patients attending the Royal Hospital for Sick Children Glasgow.* Eur Arch Paediatr Dent, 2006. 7(1): p. 23-30.
3. Balmer, R., G. Booras, and J. Parsons, *The oral health of children considered very high risk for infective endocarditis*. Int J Paediatr Dent, 2010. **20**(3): p. 173-8.
4. Rosen, L., et al., *Saliva profiles in children using heart failure medication: a pilot study.* Eur Arch Paediatr Dent, 2010. **11**(4): p. 187-91.
5. de Oliveira, C., R. Watt, and M. Hamer, *Toothbrushing, inflammation, and risk of cardiovascular disease: results from Scottish Health Survey.* BMJ, 2010. **340**: p. c2451.
6. Inaba, H. and A. Amano, *Roles of oral bacteria in cardiovascular diseases--from molecular mechanisms to clinical cases: Implication of periodontal diseases in development of systemic diseases.* J Pharmacol Sci, 2010. **113**(2): p. 103-9.
7. Seymour, G.J., et al., *Relationship between periodontal infections and systemic disease.* Clin Microbiol Infect, 2007. **13 Suppl 4**: p. 3-10.
8. Wilson, W., et al., *Prevention of infective endocarditis: guidelines from the American Heart Association: a guideline from the American Heart Association Rheumatic Fever, Endocarditis and Kawasaki Disease Committee, Council on Cardiovascular Disease in the Young, and the Council on Clinical Cardiology, Council on Cardiovascular Surgery and Anesthesia, and the Quality of Care and Outcomes Research Interdisciplinary Working Group.* J Am Dent Assoc, 2008. **139 Suppl:** p. 3S-24S.

LANDSNET

THE LINDE GROUP
AGA
www.linde-healthcare.is

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

Norðurlandafundur 2010

Samantekt: Andri Júlíusson

Árlegur fundur systurfélaga Neistans á Norðurlöndum var haldinn í Reykjavík dagana 8. til 10. október síðastliðinn, og komu sjö erlendir fulltrúar hingað til lands. Dagskráin var með hefðbundnu sniði, þ.e. kynnt var starfsemi félaganna frá síðasta fundi, sérfræðingar héldu erindi og skipst var á hugmyndum og sameiginleg hagsmunamál reifuð.

Að þessu sinni voru þrír íslenskir sérfræðingar fengnir til að halda erindi, þeir Hróðmar Helgason barnahjartalæknir, Gunnlaugur Sigfússon barnahjartalæknir og Helgi Hansson barnatannlæknir. Erindi þeirra voru mjög fróðleg og vörpuðu ljósi á marga mikilvæga þætti í umönnun og meðferð hjartveikra barna. Stefnt er að því að fá þá til að endurtaka erindi sín á almennum félagsfundum Neistans á næstunni.

Helstu atriði úr starfi systurfélaganna voru eftirfarandi:

Finnland:

Samtökin eiga 35 ára afmæli í ár. Af því tilefni verður efnt til gala-kvöldverðar til fjáröflunar og til kynningar á starfi samtakanna. Meðal annars verður tískusýning og uppboð á fatnaðinum og rennur ágóðinn óskiptur til samtakanna. Ennfremur er áformað að fulltrúar samtakanna komi fram í nokkrum útvarpsþáttum sem tileinkaðir verða hjartveikum börnum og gefst þar gott tækifæri til að kynna málstaðinn.

Upplýst var um að á haustmánuðum opni ný gjörgæslueining á barnaspítalanum, ætluð hjartveikum börnum, og er þar með mikilvægt baráttumál finnsku samtakanna komið í höfn. Að fyrirmynd Neistans munu finnsku samtökin gefa út dagatal í ár, prýtt myndum af hjartveikum börnum. Ennfremur mun fræðsluhandbók um meðfædda hjartagalla verða endurútgefin, sem mun auðvelda foreldrum, aðstandendum og öðrum sem koma að umönnun hjartveikra barna og ungmenna aðgengi að traustum upplýsingum.

Að lokum var rætt um norrænu sumarbúðirnar sem haldnar verða í Finnlandi árið 2011. Er ljóst að þar verður vel að verki staðið og þar munu unglingarnir eiga góðar stundir.

Noregur:

Nokkrar skipulagsbreytingar hafa orðið á starfsemi norsku samtakanna á undanförnum mánuðum.

Stofnuð voru sérstök samtök fullorðinna (18+) með hjartagalla eða svokölluð GUCH (Grown-Up with Congenital Heart Disease) samtök. Nú eru því tvö samtök sem sinna málefnum þeirra sem fæðast með hjartagalla, hvort með sína stjórn en eiga jafnframt með sér regnhlífarsamtök sem sinna sameiginlegum hagsmunamálum þessara tveggja hópa. Þessi þróun hefur átt sér nokkurra ára aðdraganda en er talin nauðsynleg og muni styrkja hagsmunabaráttuna í Noregi.

Náið samstarf er við stærstu sjúkrahúsin í Noregi, m.a. veita samtökin styrki til hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og stuðningsfulltrúa til að afla sér menntunar sem gagnast sérstaklega hjartveikum börnum. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir. Samtökin nýta sér talsvert samskiptavefi eins og Facebook og Twitter til að upplýsa félagsmenn sína um starfsemina og segja það hafa reynst vel.

Danmörk:

Í kynningu Dana var sérstök áhersla lögð á árlegar fjölskyldusumarbúðir sem samtökin standa fyrir. Þar taka þátt fjölskyldur hjartveikra barna og er sérsniðin dagskrá fyrir alla aldurshópa, foreldra, unglinga og börn. Dagskráin er blanda af fræðslu, skemmtun og uppbyggilegri samveru undir leiðsögn fagfólks. Þetta hefur gefið góða raun á umliðnum árum og buðu samtökin upp á þátttöku frá hinum Norðurlöndunum ef vilji væri fyrir hendi.

Svíþjóð:

Fulltrúi Svía að þessu sinni var umsjónarmaður norrænu sumarbúðanna í Svíþjóð 2010 en ekki formlegur fulltrúi samtakanna. Ekki var því um að ræða almenna kynningu á annarri starfsemi samtakanna að þessu sinni. Sumarbúðirnar þóttu þó heppnast vel og var að vanda fjallað um þau atriði sem sérstaklega þarf að hafa í huga við skipulagninguna, s.s. viðveru sérfræðinga, inntak fræðsluerinda og hvernig staðið skuli að mati á framkvæmdinni hverju sinni til að tryggja þróun og samfellu í þessu jákvæða samstarfi Norðurlandanna.

Ánægjulegt samstarf

Að vanda fóru að lokum fram almennar umræður um samstarf norrænu systursamtakanna. Almenn ánægja er með samstarfið og töldu fulltrúarnir mikilvægt að deila reynslu sinni á hinum ýmsu sviðum, m.a. um innra skipulag, fjáröflun, skipulag hagsmunabaráttu og almennt félagsstarf.

Ljóst var af umræðum að réttindi hjartveikra barna (langveikra) og fjölskyldna þeirra eru um margt ólík milli landanna. Ákveðið var í framhaldinu að safna saman á einn stað öllum viðeigandi upplýsingum um þau réttindi sem tryggð eru í hverju landi. Þannig er hægt að gera samanburð milli landa og um leið verður til mikilvægt tæki til að þrýsta á um úrbætur ef þörf reynist á í hverju landi fyrir sig.

Einnig var sammælst um að samtökin gætu í sameiningu sent erindi til stjórnvalda í ríkjunum til að sýna samstöðu og auka vægi þeirra áherslumála sem unnið er að á hverjum tíma.

Fulltrúar Norðurlandafundar 2010.

EKKI FLÆKJA MÁLIÐ!

við afgreiðum lyfin beint í bílinn

Fáðu lyfseðilinn sendann rafrænt í Bílaapótekið og styttu biðina eftir lyfjunum

Lyfjaval
BÍLAAPÓTEK

Opið 10–23 alla daga vikunnar

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Bílaapótekið er við Reykjanesbraut
(við hliðina á Smáralind)

Hæðasmári 4 | 201 Kópavogi | Sími 577 1160

lyfjaval.is

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
101 Hárhönnun
1912 ehf.
2001 ehf.
A. Margeirsson ehf.
AB Varahlutir ehf.
Aðalvík ehf.
Afltækni ehf.
AH Lögmenn ehf.
Allt í einu, söluturn
Antikmunir
Apparat ehf.
Appelumboðið
Skakki turnin ehf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Arkinn ehf,
ráðgjöf og hönnun
Arkitektastofa
Örn Sigurðsson
Arkís ehf.
Arkitektastofan
Úti og inni sf.
Atvinnuhús ehf.
- Fasteignasala
Auglýsingastofan
ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Korter
Austur Indíafélagið
Avis-Budget
Áfengis- og
tóbaksverslun ríkisins.
ÁK Sjúkraþjálfun
Álfabjarg ehf.
Álnabær ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ás Styrktarfélag
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B.K. flutningar ehf.
B.M. Vallá hf.
B.S. smíði ehf.
Babysam skeifunni 8
Bakverk - Heildsala ehf.
Balance ehf.
Ballettskóli Eddu Scheving
Bandalag
Íslenskra Farfugla
Bandalag kvenna
í Reykjavík
v/ Hallveigarstíg
Barnalæknaþjónustan ehf.
Barnatannlækna-
stofan ehf.
Barry - Internatioal ehf.
Bernhöftsbakarí ehf.
Betri bílar ehf.
Bifreiðastjórafélagið Frami
Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs ehf.
Bifreiðaverkstæði H.P.
BílaGlerið ehf.
Bílaið ehf.
- Bílarétting og Sprautun
Bílamálun Halldórs Þ.
Nikulássonar sf.
Bílamálun Sigursveins
Sigurðssonar
Bílasala Íslands
Bílasalan.is
Bílasmiðurinn hf.
Bílaverkstæði
Jóns T. Harðarssonar
Bjarki Páll Jónsson
Björnsbakarí ehf.
Blaðamannafélag Íslands
Blái Turninn
Blindrafélagið
Blómagalleríið ehf.
Bootcamp ehf.
Booztbar /Í sbar
Borgarbílastöðin ehf.
Borgarbókasafn
Reykjavíkur
Borgarholtsskóli
Borgarpylsur
Menntaskólinn við Sund
Bókbandsstofan E.S. ehf.
Bókhaldsþjónusta
Arnar Ingólfssonar ehf.
Bón-Fús
Bónus
Brauðhúsið ehf.
BSRB
Celtic Cross ehf.
Comfort Snyrtistofa ehf.
Congress Reykjavík,
ráðstefnuþjónusta
Danica sjávarafurðir ehf.
Dansrækt J.S.B.
Deli ehf.
DFK Endurskoðun ehf.
Diantina ehf.
Dimar ehf.
Dímon Lína ehf.
Dúkarinn Óli Már
Dúndur ehf.
- Ferðasidkotek/karaoke
Dýraríkið
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Perlan ehf.
Eggert Kristjánsson hf.
Eiðfaxi ehf.
Eignamiðlunin ehf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Eir ehf.
Eirvík heimilistæki hf.
Ekran ehf.
Elding Trading Company
Endurskoðun
og reikningshald ehf.
Endurskoðun
og reikningsskil hf.
Endurskoðun
Péturs Jónssonar ehf.
Erluís
Ernst & Young
Esja Kjötvinnsla ehf.
F&F Kort ehf.
Farmanna- og
fiskimannasamband
Íslands
Fasteignakaup ehf.
Fasteignamiðlunin ehf.
Faxaflóahafnir
Fákur
Felgur-smiðja ehf.
Ferð og saga
Ferskar kjötvörur hf.
Félag eggjaframleiðenda
Félag hársnyrtisveina
Félag hrossabænda
Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga
Félag Skipstjórnarmanna
Félagsbústaðir hf.

VALITOR VISA MasterCard

FASTUS

maritech

Óþrjótandi verkefni

Viðtal:
Páll Kristinn Pálsson

Katja Laine er framkvæmdastjóri finnsku hjartasamtakanna. Hún sat fund Norrænu hjartabarnasamtakanna sem haldinn var í Reykjavík í byrjun október síðastliðinn og þá gripum við tækifærið til að spjalla við hana um reynslu hennar sem móður barns með meðfæddan hjartagalla, finnsku hjartasamtökin og gildi norræns samstarfs á þessu sviði.

„Þetta byrjaði árið 1996," segir Katja, „þegar Aino dóttir mín fæddist og hún var aðeins þriggja daga gömul þegar uppgötvaðist að hún væri með alvarlegan meðfæddan hjartagalla. Ég var þá 21 árs gömul, nánast barn sjálf að eignast sitt fyrsta barn, eða það finnst mér núna þegar ég horfi til baka, og þetta kom sem reiðarslag yfir okkur því við vissum ekkert um hjartagallann fyrirfram."

Turku - Helsinki

Katja býr nálægt borginni Turku, en allar hjartaaðgerðir í Finnlandi eru framkvæmdar í höfuðborginni Helsinki. „Og þangað var Aino flutt með hraði því ástand hennar var svo slæmt að hún þurfti að fara strax í aðgerð. Fyrsta aðgerðin fór fram þegar hún var fimm daga gömul og næsta aðgerð aðeins viku seinna. Þetta var mikið áfall, við Pekka maðurinn minn vissum heldur bókstaflega ekki neitt um meðfædda hjartagalla og hvað allt þetta þýddi. Við þurftum því að verða okkur úti um upplýsingar um þetta og þannig komst ég í samband við hjartasamtökin í Finnlandi. Það var reyndar strax á sjúkrahúsinu sem okkur var bent á þau.

Það eru aðeins ein allsherjarsamtök hjartasjúklinga í Finnlandi, bæði fyrir börn og fullorðna, en hins vegar starfa svæðisbundin félög innan þeirra. Þau eru ekki skráð sérstaklega heldur starfa undir hatti heildarsamtakanna. Ég hafði samband við fulltrúann fyrir okkar svæði, hún sagði mér frá öllu sem okkur stóð til boða, þann opinbera stuðing sem við ættum rétt á að fá, hvernig við gætum sett okkur í samband við aðra foreldra sem hefðu gengið í gegnum svipaða reynslu og svo framvegis. Þetta byrjaði auðvitað með símtali en svo var boðið upp á stuðningsfundi sem ég fór á. Ég kynntist fljótlega mörgum fjölskyldum barna með meðfæddan hjartagalla og smám saman fór ég að starfa æ meira fyrir svæðisfélagið okkar. Ári síðar var ég beðin um að verða fulltrúi þess og gat ekki neitað því, enda fannst mér ég hafa fengið svo mikið frá félaginu að ég yrði að endurgjalda það eins mikið og vel ég gæti.

Þannig byrjaði ég hjá samtökunum og var fulltrúi svæðisfélagsins í Turku frá 1998 til 2005, eða í sjö ár. Til að byrja með var ég í hlutastarfi en frá 2001 var ég í fullu starfi. Svo hætti framkvæmdastjóri landssamtakanna og mér var boðið að taka við því starfi og hef verið í því síðan. Starfið felst í að halda utan um allt sem gert er á vegum samtakanna. Það er auðvitað stjórn sem leggur línurnar en ég sé síðan um að hrinda hlutunum í framkvæmd."

Aino

Hvernig hefur Aino vegnað, var nóg fyrir hana að fara í þessar aðgerðir þarna stuttu eftir fæðinguna?

„Nei, hún hefur farið alls í fjórar aðgerðir. Í öllum aðalatriðum hefur henni gengið mjög vel. Hún hefur öðru hvoru farið í minniháttar hjartaþræðingar og það er hugsanlegt að hún þurfi að fara í eina aðgerð til viðbótar, það er að segja ef ástand hennar versnar. En henni hefur sem sé vegnað vel og fylgir sínum árgangi í skólanum. Hún þarf að taka lyf, einar fjórar tegundir, á hverjum degi. Þegar hún var yngri átti hún í nokkrum erfiðleikum með að samhæfa hreyfingar augna og handa, en það hefur lagast með aldrinum. Núna er hún fjórtán ára og er því að færast úr barnadeildinni yfir í fullorðinsdeildina, eins og þetta er skilgreint hjá okkur í Finnlandi. Hana hefur reyndar hlakkað til þess frá því hún var sex ára, henni fannst svo spennandi það sem unglingar voru að gera, en þá vorum við foreldrarnir reyndar ekki viss um að hún næði nokkurn tíma þeim aldri."

Hafið þið þá enn áhyggjur af henni?

„Auðvitað höfum við það, en reynum þó að lifa sem eðlilegustu fjölskyldulífi. Ég tel til dæmis að hjartabörn eigi að fá að prófa hlutina á sínum forsendum, að sínu frumkvæði, og alls ekki vefja þau inn í bómull. Eins og allir aðrir unglingar þarf Aino að læra að þekkja sín takmörk sjálf, ég get ekki sett þau fyrir hana. Maður gerir ekki barni sínu greiða með því að taka allar ákvarðanir fyrir það. Þetta er eitt af því mikilvægasta sem ég reyni að koma til skila við foreldra hjartveikra barna. Það er líka oftast þannig að barnið fer sínu fram hvað sem aðrir segja því. Það finnur sín eigin takmörk sjálft. Ofverndun getur þannig miklu frekar gert illt, ef barnið fer vitlausar og skaðlegar leiðir í baráttu sinni fyrir sjálfstæði. Allir foreldrar vilja gera allt það besta fyrir börn sín, en þurfa oft að læra að of mikil umhyggja, eða ofverndun, er ekki af hinu góða."

Finnland í fremstu röð

Hvernig er staða þessara mála í Finnlandi; er heilbrigðiskerfið þar gott fyrir hjartveik börn?

„Já, það tel ég. Aðgerðir á börnum með meðfædda hjartagalla heppnast yfirleitt afar vel og dánartíðnin afar lág. Á alþjóðlegan mælikvarða er árangurinn framúrskarandi og að því leyti getum við talist mjög heppin. Börnin fá meðferðina í sínu eigin heimalandi, það þarf ekki að senda þau til útlanda í bráðatilfellum. Mér finnst reyndar biðlistinn eftir seinni aðgerðum helst til langur, en það er meðal annars vegna þess að gjörgæsludeild barnaspítalans í Helsinki er of lítil. Það ber líka að hafa í hug að hún sinnir öllum börnum með alvarlega sjúkdóma, ekki bara hjartveikum. En þetta stendur til bóta á næstunni með nýrri gjörgæsludeild og þá mun leguplássunum fjölga um helming. Við vonumst til að það muni fara langt með að þurrka út biðlistann eftir hjartaaðgerðum.“

Hvað með félagslegan stuðning við fjölskyldur hjartabarna?

„Það er mikið til á höndum okkar í samtökunum. Við stöndum fyrir endurhæfingarnámskeiðum, sumarbúðum og margvíslegum öðrum tilboðum fyrir hjartveik börn á öllum aldri. Svæðisbundnu félögin skipuleggja margvíslegar félagslegar uppákomur nálægt heimilum fjölskyldnanna, enda er flest það sem heildarsamtökin bjóða upp á eitthvað sem ætlað er öllum landsmönnum, eitthvað sem fólk getur sótt hvaðan sem það býr í Finnlandi.“

Veitið þið einnig fjárhagslegan stuðning?

„Nei, við styðjum fjölskyldurnar ekki fjárhagslega. Það er í verkahring opinbera tryggingakerfisins í Finnlandi. En flest það sem við bjóðum upp á, svo sem endurhæfingarnámskeið og sumarbúðir, þurfa fjölskyldurnar yfirleitt ekki að borga neitt fyrir. Ef það kostar eitthvað þá er það mjög lítið. Ég veit að þetta er öðruvísi hjá ykkur á Íslandi, sérstaklega í tengslum við aðgerðirnar sem þarf að framkvæma í útlöndum. Ef fjölskylda með hjartveikt barn kemur frá Lapplandi niður til Helsinki í aðgerð – sem getur verið 1000 kílómetra ferðalag – þá getur hún búið í Ronald Macdonalds-húsinu, já, hamborgarastaðakeðjan rekur slíkt hús í góðgerðarskyni, eða hjá ættingjum. En ef hún þarf að gista á hóteli fær hún þann kostnað endurgreiddan af almannatryggingunum.“

Aino og Katja, sem á einnig svo syni, Niilo og Eetu.

Ómetanlegt samstarf

Samstarf norrænna samtaka hjartabarna hófst með sameiginlegum sumarbúðum. „Þær fyrstu sem ég veit um voru haldnar árið 1984,“ segir Katja, „svo sagan er orðin nokkuð löng. (Innskot: Neistinn tók fyrst þátt í þeim árið 2005) Ég þekki ekki öll smáatriðin í kringum hvernig þetta byrjaði, en þau ár sem ég hef unnið fyrir finnsku hjartasamtökin, og aðallega síðastliðin tíu ár, hef ég tekið átta sinnum þátt í norrænu sumarbúðunum. Löndin skiptast á að halda þær, yfirleitt í júlímánuði, og árið eftir er svo haldin norræn ráðstefnuhelgi í því landi sem var með sumarbúðirnar. Sumarbúðirnar voru á Íslandi í fyrra og þess vegna var ráðstefnan haldin í Reykjavík í haust.“

Hver er ávinningurinn af þessu samstarfi?

„Ávinningurinn er margvíslegur. Við skiptumst á upplýsingum og deilum reynslu úr starfinu í hverju landi fyrir sig. Við það kvikna ótal hugmyndir og ég veit að öll löndin hafa nýtt sér ýmislegt sem út úr því hefur komið varðandi leiðir í fjáröflun, hvers kyns útgáfu á bæklingum, blöðum, bókum og fræðslu í annars konar formi. Núna er til dæmis útlit fyrir að löndin fari hvert af öðru að gefa út dagatal með svipuðu sniði og Neistinn er farinn að gera.

Áhrif norræna samstarfsins skilar sér einnig á læknisfræðilega sviðinu. Þegar við kynnumst nýjum hugmyndum og aðgerðum hjá frændum okkar getum við beitt okkur fyrir því að þær verði teknar upp í okkar heimalandi. Þessi misserin er til dæmis mikið að gerast varðandi hvernig best sé að standa að því þegar hjartveiku börnin verða fullorðin, enda hefur fjöldi fullorðinna með meðfæddan hjartagalla vaxið gífurlega á síðustu árum vegna þess hversu marga læknunum tekst að lagfæra sem áður voru ólæknandi svo þeir einstaklingar dóu bara. Framfarir í læknisfræði hafa skapað mörg ný viðfangsefni fyrir samtök okkar og við úrlausn þeirra er gott að geta ráðfært sig við aðra.

Samvinna og samstaða norrænu félaganna er þannig gífurlega mikilvæg og á sinn þátt í því að efla gæði þjónustunnar í hverju landi um sig. Við erum líka farin að vinna með evrópskum samtökum á þessu sviði og það stækkar sjóndeildarhringinn enn meira,“ segir Katja Laine, sem sér ekki fram á annað en að halda áfram að starfa að málefnum fólks með meðfæddan hjartagalla.

Gaman í Danmörku

Norrænu sumarbúðirnar voru í ár haldnar í Danmörku. Þangað fóru 10 hjartveikir unglingar á aldrinum 14-18 ára, sem er metfjöldi hjá Neistanum. Með þeim í för voru tveir fararstjórar, þau Jóhannes Geir og Guðrún Bergmann. Ferðin gekk vel og skemmtu allir sér konunglega þó Tívolíferðin hafi staðið upp úr hjá flestum - og auðvitað verslunarferðin. Sumarbúðirnar standa yfir í eina viku og eru yfirleitt haldnar síðustu vikuna í júlímánuði. Á næsta ári liggur leiðin til Finnlands vikuna 24. - 31. júlí. Hvetjum við alla hjartveika unglinga á aldrinum 14-18 ára (fædda 97-93) að sækja um, en umsóknarfrestur rennur út 31. mars 2011. Vinsamlegast hafið samband við Guðrúnu Bergmann á skrifstofu Neistans í síma 552-5744 eða sendið tölvupóst á neistinn@neistinn.is

GÚMMÍVINNSLAN

HJARTAVERND

Stilling
SÍMI 520 8000 Bílavarahlutir

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Fínka
málningarverktakar ehf.
Fjárfestingafélagið
Innco ehf.
Fjölbrautaskólinn
Breiðholti
Fjölver ehf.
Flugleiðir frakt
Forum Lögmenn
Fótaaðgerðastofa
Reykjavíkur ehf.
Fótoval ehf.
Fraktflutningar ehf.
Frumherji hf.
Frysti- og kæliþjónustan
Fræðslumiðstöð ÖÍ
Fröken Júlía ehf.
Fönix ehf.
G.Á. húsgögn ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
G.S. Export ehf.
Gallabuxnabúðin
- Kringlunni
Garðmenn ehf.
Garðsapótek
Garðtækni sf.
Geiri ehf.
GHP Lögmannsstofa
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Gissur og Pálmi ehf.
Gistiheimilið Aurora
Gistihúsið Ísafold
Gjögur hf.
Glaxo Smith Kline ehf.
GLÁMA / KÍM
Arkitektar ehf.
Gleraugnasmiðjan ehf.
Gleraugnaverslunin
Sjón ehf.
Gloss ehf.
Glóey hf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggahreinsun
Alexanders Depuydt
Gluggasmiðjan ehf.
Golfklúbbur Reykjavíkur
Grand hótel Reykjavík
Grandakaffi ehf.
Grensás ehf.
Grensáskirkja
Grensásvideo ehf.
Gró ehf.
Guðmundur Arason ehf.
Smíðajárn
Guðmundur
Jónasson ehf.
Gull & silfur hf.
Gullkistan
Gullkúnst Helgu
S: 561 6660
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullsmíðaverkstæði
Hjálmars Torfasonar
Gunnar Eggertsson hf.
Gústaf Þór
Tryggvason hrl.
H.P. vökvabúnaður ehf.
Hafgæði sf.
Hagbót ehf.
Hagi ehf.
Hamborgarabúlla
Tómasar ehf
Happdrætti D.A.S.
Harka ehf.
Haukur Þorsteinsson
tannlæknir
Hár ehf.
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofa Helenu
og Stubbalubbar
Hárgreiðslustofan Díva
Hárgreiðslustofan Effect
Hárgreiðslustofan Evita
Hárgreiðslustofan
Greiðan ehf.
Hárgreiðslustofan Gresika
Hárgreiðslustofan
Hármiðstöðin
Hársaga Radison SAS
Hársnyrtistofan Aida
